

Ágætu foreldrar / forráðamenn

Velkomin til samstarfs

Í þessum bæklingi getið þið fengið ýmsar upplýsingar er varða skólastarfið sem í vændum er. Við höfum sett saman upplýsingar um Foldaskóla ásamt ýmsu sem varðar skólagöngu barna á Íslandi almennt í þeim tilgangi að upplýsa foreldra yngstu nemendanna um eitt og annað sem snýr að þeim sérstaklega.

Nánari upplýsingar um skólastarfið og námsefni má finna á heimasíðu skólans. *Námáætlanir* eru í í Mentor og á heimasíðu skólans.



Heimili og skóli verða að standa saman að því að efla alhliða þroska barnsins.

Að byrja í grunnskóla

Það er stórt skref að byrja í grunnskóla.

Hvernig líður barninu þínu við þá tilhugsun að byrja í skóla? Er það kvíðið, jafnvel hrætt, fullt tilhlökkunar eða eftirvæntingar, eða brynjar það sig kæruleysi eins og þessi breyting snerti það ekki? Þessu verður hver og einn að svara fyrir sig og velta fyrir sér aðstæðum sem liggja að baki líðan barnsins við skólabyrjun.

Óhætt er að fullyrða að tilfinningar þínar, skoðanir og væntingar til skólans geta haft mikil áhrif á líðan barnsins og tilfinningar gagnvart skólanum.

Börn sem koma kvíðin í skólann þurfa umfram allt á öryggi og uppörvun að halda. Börn sem e.t.v. eru yfiringangssöm og eirðalaus þurfa að læra að einbeita sér og að taka tillit til annarra.

Þetta er aðeins dæmi um hve ólík börn eru og hve þýðingarmikið það er að kennara gefist tími til að átta sig á þroska og getu hvers og eins.

Það er því mjög mikilvægt að skilningur og trúnaður ríki milli foreldra og kennara barns þegar á fyrstu dögum þess í skóla. Fyrsta skólaárið getur ráðið miklu um það hvernig barninu farnast í skólanum síðar meir.



Enginn þekkir barnið þitt eins vel og þú.

Hlutverk grunnskólans

Í lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, er markmið grunnskóla skilgreint í 2. gr.

2.gr.

Markmið

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Grunnskóli skal stuðla að vísýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Með alhliða þroska er átt við:

- tilfinningaþroska
- félags- og siðgæðisþroska
- líkams- og hreyfiþroska
- mál- og vitsmunaprosk

Upplýsingar frá skólanum

Skólinn sendir frá sér ýmis gögn sem veita upplýsingar um skólastarfið.

Heimasíða Foldaskóla. Á heimasíðu skólans eru almennar upplýsingar um skólann þ.á.m. skóladagatalið. Þar er einnig að finna skólareglur sem varða umgengni, mætingar og samskipti í skólanum. Slóðin er: <http://www.foldaskoli.is>
Skólinn er einnig með síðu á facebook.

Námsáætlanir eru unnar í Mentor og eru sýnilegar foreldrum þar og á heimasíðu skólans. Þar er að finna allar helstu upplýsingar sem varða markmið og námsefni árgangsins þann veturinn.

Vikupóstur er sendur á foreldra í vikulok.

Vikuáætlun fá nemendur í hverri viku í gegnum Mentor og/eða tölvupóst. Þar er greint frá heimanámi og starfi árgangsins þá vikuna. Þar koma einnig fram skilaboð sem kennarar þurfa að senda foreldrum.

Mentor - upplýsingakerfi

Auk heimasíðu skólans hafa nemendur og foreldrar aðgang að upplýsingarkerfinu Mentor á netinu. Þar eru upplýsingar um ástundun nemenda, heimavinnu, námsáætlanir og margt fleira. Foreldrar fá aðgang að kerfinu gegnum skólann með sérstöku aðgangsorði.

Skólafærninámskeið

*Skólafærninámskeið er haldið fyrir foreldra að hausti. Þar eru fluttir fyrirlestrar er áherslur skólans og skólastarfið.
Kennarar kynna nám vetrarins.*

Leyfisveitingar - veikindi

Í Foldaskóla er lögð áhersla á að nemendur stundi nám sitt af festu og sæki skóla sinn vel. Forráðamönnum ber að tilkynna skólanum um forföll hvern dag sem nemandi er frá vegna veikinda eins fljótt og auðið er. Veikindi geta foreldrar einnig skráð beint inn í mentor.is

Foreldrar geta sótt um eins til tveggja daga leyfi til umsjónarkennara, en þurfi nemendur lengra frí, þarf að sækja skriflega um leyfi til skólastjórnanda. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu skólans og hjá ritara.

Merkingar á fötum og öðrum eigum

Nauðsynlegt er að merkja föt og annað sem börnin eiga. Því fleira sem er merkt, því betra.

Skólaliðar halda til haga fötum og öðru sem gleymist í skólanum. Þegar foreldradagar eru, liggur þessi fatnaður frammi og foreldrar geta vitjað glataðra muna.

Samstarf heimilis og skóla

Í markmiðsgrein grunnskólalaganna segir m.a. " hlutverk grunnskólans, í samstarfi við heimilin, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun."

Góður árangur í skólastarfi getur ráðist af góðum tengslum heimilis og skóla.

Áhugi foreldra og þátttaka þeirra í námi barnsins getur haft afgerandi áhrif á áhuga og líðan þess í skólanum og mótað viðhorf til skólans.

Bekkjarfulltrúar

Í hverri bekkjardeild eru valdir tveir fulltrúar foreldra sem verða tengiliðir milli skólans og annarra foreldra. Þeir skipuleggja samstarf innan bekkjarins. Yfirleitt fer þessi kosning fram á fyrsta kynningarfundum vetrarins.

Heimsóknir í skólann

Foreldrar eru alltaf velkomnir að heimsækja skólann í samráði við kennara. Þeir eru beðnir að hafa í huga að gæta þarf fyllsta trúnaðar gagnvart öllum nemendum þess bekkjar sem þeir heimsækja.

Heimanám

Heimavinna hverrar viku kemur fram í Mentor.

Börn fá lestrarbækur heim þegar kennari telur þau tilbúin til þess. Nauðsynlegt er þá að börnin lesi heima daglega.

Foreldraviðtöl

Í upphafi vetrar eru einkaviðtöl foreldra, nemenda og kennara.

Síðan eru foreldradagar í lok haust- og miðannar.



Foreldravefur SFS

Foreldravefur skóla - og frístundasviðs Reykjavíkurborgar er ætlaður foreldum barna á aldrinum 0-16 ára og er markmiðið með honum að efla foreldra í því hlutverki að vera virkir þátttakendur í starfi og námi barnanna. Á vefnum má m.a. finna hagnýtar upplýsingar um hlutdeild foreldra í skólastarfi og leiðir til að styðja barnið í náminu.

Slóðin á vefinn er: www.reykjavik.is/foreldrar.

Brýnum fyrir barninu:


Góða umgengni

Hirðusemi

Reglusemi

Tillitsemi

Virðingu fyrir eigin eigum og annarra



Hvernig getur þú stutt barnið ?

- ❖ Kynntu þér vel stundaskrá barnsins og sjáðu til þess að það mæti á réttum tíma í skólann. Barnið þarf að temja sér strax stundvísi og reglusemi.
- ❖ Gættu vel að því að barnið þitt fái næga hvíld og góða næringu, svo það hafi úthald og orku til að starfa í skólanum.
- ❖ Sjáðu til þess að barnið þitt læri að klæða sig (renna, reima, hneppa), að þrifa sig vel og mæta snyrtilegt í skólann.
- ❖ Börn eiga oft erfitt með að sjá um skólatöskuna sína ein og þurfa því aðstoð foreldra. Fylgstu með því að barnið þitt komi í skólann með ípróttaföt og þau áhöld og bækur sem nota á. Eru einhver skilaboð til þín í tösku barnsins ?
- ❖ Hjálpaðu barninu að merkja alla hluti svo að auðvelt verði að koma þeim til skila ef þeir týnast.
- ❖ Sjón, heyrn og fjarlægðarskyn 6 ára barna eru ekki fullþroskuð og þarf því að gæta þeirra í umferðinni. Kenndu því barninu þínu bestu leiðina í skólann og mundu að láta það hafa endurskinsmerki á yfirhöfnum og skólatösku. Af öryggisástæðum eiga nemendur í 1.-3.bekk ekki að koma á hjóli í skólann.
- ❖ Sýndu skólagöngu barnsins þíns áhuga. Hvettu barnið til dáða með jákvæðum hætti og notaðu öll tækifæri til að hjálpa því og leiðbeina, svo sem við heimanám.
- ❖ Mættu á foreldrafundi og bekkjarkvöld og farðu í heimsókn í skólann.
- ❖ Leggðu þig fram við að kynnast foreldrum barnanna í bekknum og félögum barna þinna.

Helstu viðfangsefni í skólabyrjun



- ❖ Þjálfun undirstöðuatríða talaðs máls, lestrar og ritunar
- ❖ Þjálfun rökhugsunar og meðferð talna
- ❖ Listsköpun
- ❖ Skólinn, barnið sjálft, líkaminn, heilbrigði, umferðin, árstíðir og tími
- ❖ Nánasta umhverfi og lífríki þess.
- ❖ Atburðir líðandi stundar, hátíðis- og tyllidagar, fréttir o.fl.
- ❖ Hreyfing, leikir, dans
- ❖ Tölvunotkun



Kennsluhættir

Í byrjendakennslu er samþætting námsreina er mikil og kennsluaðferðir mismunandi eftir verkefnum. Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi sem Foldaskóli hefur tileinkað sér.

- Í Byrjendalæsi er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun er felld í eina heild undir hatti læsis. Enn fremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, rétttritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið.

Reynt er að útbúa kennslusvæðið þannig að það bjóði upp á mismunandi fyrirkomulag og vinnubrögð. Nemendur vinna ýmist sjálfstætt eða í misstórum hópum.

Finnið að því sem barnið gerir, ekki því sem það er.
Gagnrýnið verknaðinn - ekki barnið.
William E. Homan

Skólastefna Foldaskóla

Siðprýði - Menntun - Sálarheill

Markmið skólastarfsins eru:

- Að veita nemendum góða alhliða menntun og búa þá undir fullorðinsárin.
- Að efla með nemendum sjálfstæða, agaða, gagnrýna og skapandi hugsun og vinnubrögð.
- Að efla sjálfsmynd nemenda.
- Að efla siðgæðisþroska nemenda, umburðarlyndi og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Að nemendur öðlist þjálfun í að takast á við mismunandi aðstæður í samskiptum við ólíka einstaklinga.
- Að nemendur læri að hlusta, virða og taka tillit til skoðana annarra.
- Að efla virðingu og jákvæð viðhorf nemenda til náttúrunnar, umhverfisins og alls lífs.
- Að efla samhug og samstarf heimila og skóla til að ná sameiginlegum markmiðum í þágu nemenda.

Skólatími

Það er samfella í skóladegi nemenda fram að frístund.

Þeir fá frímínútur að morgni og hádegishlé.

Opnunartími. Skólinn er opinn frá kl. 7:50 - 16:30 á starfstíma skóla. Skrifstofa skólans er opin frá kl. 8:00 - 16:00

Sérgreinakennsla

Nemendur fá kennslu í textílmennt, tæknimennt, heimilisfræði og myndmennt í þeim tímum er árgangnum skipt í hópa.

Tónmennt, dans og sund er einu sinni í viku, en leikfimi tvisvar í viku.

Stoðþjónusta


Á haustmánuðum er skimunarprófið Leið til læsis lögð fyrir alla nemendur í 1.bekk. Eftir það eru myndaðir litlir hópar þar sem unnið er með málörvun og undirbúning undir lestrarnám.

Uppbyggingarstefna

Agastjórnun Foldaskóla byggir á uppbyggingarstefnu Diane Gossen. Í stuttu máli má segja að uppbygging sé fólgin í því að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga og læra af mistökum í samskiptum. Aðferðin byggist á því að einstaklingurinn taki ábyrgð á sinni hegðun, horfi fram á við og byggi upp áætlun í stað þess að velta sér upp úr því sem liðið er eða afsaki sig með aðstæðum.

Uppbygging

*Að skapa aðstæður fyrir barnið
til að leiðrétta mistök sín - gera betur
og
að snúa aftur til hópsins hugprúðari en fyrr.*



Umhverfisstefna

Foldaskóli er „Grænfánaskóli“ með metnaðarfulla umhverfisstefnu undir kjörorðinu „Ein jörð fyrir alla“. Helstu áhersluatriði eru „Heilsa, hollusta, umhverfi“.

Við viljum:

- Bæta og fegra umhverfi skólans
- Nýta skólalóðina sem námsefni
- Ganga vel um úti og inni
- Vera fernulaus skóli og þjálfa flokkun
- Leggja rækt við heilbrigðan lífsstíl



Hvert á að leita?

Umsjónarkennari er sá aðili sem fyrst og fremst heldur utan um nám og starf barnsins í skólanum. Það er mikilvægt að foreldrar snúi sér fyrst til hans með þau mál sem barnið varða og snerta skólagöngu þess. Foreldrar geta einnig leitað til deildarstjóra viðkomandi stigs eða annarra skólastjórnenda.

Skólamáltíðir og nesti

Nemendur geta fengið heita máltíð í hádegi og ávaxtaáskrift í nestistíma. Foreldrar skrá börn sín í mat og ávaxtaáskrift á Rafrænni Reykjavík. Í umhverfisstefnu skólans er m.a. lögð áhersla á heilbrigðan lífsstíl og umhverfi. Nemendur koma því með hollt nesti (mat og drykk) í margnota umbúðum. Upplýsingar um verð og greiðslufyrirkomulag eru á heimasíðu skólans.

*Vekjum áhuga barnsins á umhverfi sínu.
Hvetjum það til að skoða umhverfið, virða það og vernda.
Vekjum athygli barnsins á hættum í umhverfinu
(á heimili, í umferðinni, í náttúrunni).*

Svefn og næring

Sýnt hefur verið fram á að tengsl eru á milli góðrar næringar og einbeitingar og úthalds. Því leggjum við mikla áherslu á að nemendur komi með hollt og gott nesti í skólann t.d. ávexti. Ekki er síður mikilvægt að börnin fái nægan svefn og komi úthvöld til vinnu sinnar. Allt hefur þetta áhrif á árangur þeirra í námi og starfi.

Leiksvæði - frímínútur

Börnin fara þrisvar á dag út í frímínútur. Það er því afar mikilvægt að þau séu klædd miðað við veður. Þurfi barnið að vera inni í frímínútum, t.d. eftir veikindi þarf að koma **skrifleg beiðni frá foreldrum**.

Ávallt eru fullorðnir starfsmenn með börnunum á leiksvæðinu í frímínútum. Yngstu nemendur skólans hafa til umráða leiksvæði austan megin við skólann. Þeir mega ekki fara út af skólalóðinni í frímínútum.

Skóladagvist

Frístundarheimili eða Regnbogaland er starfrækt eftir að skóla lýkur á daginn. Það er rekið af ÍTR í húsnæði skólans.

Hvernig getið þið stutt barnið ?

- ❖ Hlustið á barnið
- ❖ Talið við barnið
- ❖ Lesið fyrir það
- ❖ Lærið með því
- ❖ Ræðið við barnið um fjölda, stærð, gerð og eiginleika hluta
- ❖ Leyfið því að vega og mæla
- ❖ Hvetjið barnið til að skoða og rannsaka og geta sér til um lausnir.
- ❖ Kennið barninu vísur og þulur
- ❖ Útskýrið og gefið skýr fyrirmæli

